



## Fjallaskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

45. fundur fjallaskilanevndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 22. apríl 2025 kl. 18.<sup>00</sup> e.h.

Fundinn sátu:

Bergur Guðmundsson, formaður

Jakob Guðnason

Antonía Helga Guðmundsdóttir

Steinar Sigurjónsson, starfsmaður nefndarinnar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Steinar Sigurjónsson.

#### 1. Landbótaáætlun.

*Farið var yfir Landbótaáætlun fyrir Grímsnesafrétt 2016-2025. Formaður var búinn að kanna áhuga þeirra sauðfjárbænda sem sinna núgildandi áætlun á því að endurnýja hana og reyndist áhugi fyrir því. Núgildandi áætlun gerir ráð fyrir uppgræðslu við Söðulhóla, austan við þá og upp að Tindaskaga. Nefndin var sammála um að vinna nýja áætlun en leggja frekar áherslu á uppgræðslu á afréttarlandi sveitarfélagsins á Lyngdalsheiði, við Driftarenda og austan við Kringlumýri.*

*Starfsmanni nefndarinnar falið að vinna drög að nýrri áætlun og bera undir nefndina.*

#### 2. Girðing á Grafningsafrétt

*Rætt var um smölun á Grafningsafrétti í haust, en fyrirséð er að talsverð fækkun verður á fé í Grafningnum eftir næsta haust. Hægt væri að einfalda smalamennskur og koma í veg fyrir að fé úr Ölfusi sækir yfir í Grafninginn með girðingu á Mosfellsheiði.*

*Fjallaskilanevnd leggur til að sveitarfélagið hefji viðræður við sveitarfélagið Ölfus um slíka girðingu.*

#### 3. Fyrirkomulag leita

*Rætt var um fyrirkomulag leita í haust og hvort að hægt sé að skipta leitum þannig að ekki sé smalað í Grímsnesi og Grafningi á sama tíma, til þess að smalar nýtist á báðum stöðum. Samþykkt að skoða málið betur við skipulagningu leita þegar nær dregur hausti.*

#### 4. Önnur mál

*Farið var yfir stöðu framkvæmda, m.a. annars á endurbyggingu Klausturhólarétta sem stefnt er á að verði tilbúna fyrir haustið. Einnig rætt um nýjan skála í Kerlingu sem er á áætlun 2026 og skoðuð drög að teikningum.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 19:30.